

Reykjavík, 26. mars 2019

Alþingi
Nefndarsvið
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptanets, þingskjal 1045, 639 mál fyrir 149. löggjafarþingi 2018 – 2019. Innleiðing á tilskipun ESB 2014/61.

Þegar árið 2014 gaf Póst og fjarskiptastofnun út „leiðbeiningar um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES“. Við gerð þeirra var m.a horft til ofangreindra tilskipunar þó hún væri enn ekki innleidd hér á landi. Er þar allitarleg umfjöllun um 36. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum og þar með þá viðbót sem sett var inn með lögum nr. 62/2012. Sú breyting opnaði með formlegum hætti á samnýtingu jarðvegsframkvæmda í strjálbýli og þar sem vegalendir eru miklar. Er þar einnig ákvæði um kostnaðarskiptingu og skilyrði sem heimilt er að leggja á aðila.

Eitt meginmarkmið tilskipunar Evrópusambandsins er sameiginlegur netmarkaður (e. digital single market). Þessu markmiði á að ná með sameiginlegu regluverki þar sem leitað sé leiða til að skapa nýjum aðilum tækifæri til þess að koma inn á markaðinn og koma í veg fyrir að mismunandi reglur og kröfu skapi hindranir í uppbyggingu samtengds háhraðanets um Evrópu. Markmiðið er aðgengi að núverandi innviðum og aðgengi að nýjum framkvæmdum. Þá setur Evrópusambandið einnig fram þau sjónarmið að háhraðanetið hafi mikla þýðingu fyrir byggðaðróun og því mikilvægt að regluverkið styðji við slíka uppbyggingu. Gengið er út frá því að aðgengi fyrirtækja í háraðanetuppbyggingu og -rekstri að samnýtingu við opinberar framkvæmdir skipti sköpum fyrir uppbyggingu háraðanetsins.

Í fyrstu umsögn sinni um málið lagði Samorka höfuð áherslu á að ekki yrði um of flókið, íþyngjandi og kostnaðarsamt kerfi að ræða heldur yrði byggt á þeirri reynslu sem þegar er til staðar og núverandi samstarfs sem sem hefur heilt yfir gengið ágætlega.

Fyrir liggur að löng reynsla er þegar komin af samstarfi orku-, flutnings- og veitufyrirtækjanna við þá sem eru að byggja upp háhraðafjarskiptanet. Sama má reyndar einnig segja um sveitarfélögin í landinu og þeirra framkvæmdir. Þá er rétt að geta þess að orku- og veitufyrirtæki hafa að hluta til verið frumkvöðlar á þessu sviði, þ.e. uppbyggingu háhraðaneta.

Loks ber að hafa í huga að fjölmörg dæmi eru um að hlutaðeigandi aðilar, þ.e. veitufyrirtækin og sveitarfélögin, eigi reglulega fundi og skiptast á upplýsingum við netfyrirtækin um væntanlegar framkvæmdir

með samnýtingu að markmiði. Hluti þessa samstarfs eru reglur sem aðilar hafa sett sér um kostnaðarskiptingu í skurði eins og það er nefnt.

Mjög ánægjulegt er að sjá að veruleg breyting hefur orðið á málinu frá því það kom fyrst fram í upphafi árs 2018 og þá sem tillaga að breytingum á fjarskiptalögum eins og nánar er rakið í greinargerð með frumvarpinu.

Með sjálfstæðu frumvarpi til sérlaga um málefnið hefur í öllum aðalatriðum verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem Samorka og aðildarfyrirtækin hafa lagt áherslu á. Samnýting í innviða uppbyggingu hlýtur almenn að vera skynsamleg þó vissulega geti aðstæður verið með þeim hætti að það gangi ekki upp, en slíkt ætti þó að heyra til undantekninga. Verður ekki annað séð en svigrúm sé samkvæmt frumvarps-textanum til að koma að málefnalegum ástæðum hér að lútandi.

Almennt séð eru upplýsingar um grunninnviði orku- og veitufyrirtækja og þá sveitarfélaga þar sem þau reka veitur í nokkuð góðu horfi og til gögn um staðsetning og legu þeirra. Einhver dæmi kunna þó að vera um hið gagnstæða ekki síst í minni sveitarfélögum og þá eftir atvikum einnig í eldri bæjarhlutum. Verður að gera ráð fyrir að í framkvæmd verði tekið tillit til þessa og ekki gerðar kröfur um framlagningu gagna sem ekki eru til og þá ekki heldur að skylda verði lögð á einstakar veitur að fara í kostnaðarsama kortlagningu hvað þetta snertir. Jákvætt væri að **almennur fyrirvari hér að lútandi kæmi inn í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.**

Varðandi áætlanir um nýframkvæmdir í þéttbýli og endurnýjun í eldri hverfum þarf að hafa í huga að veitufyrirtækin eða veitustofnanir sveitarfélaga eru þar að fylgja framkvæmdum sveitarfélaga og því geta áætlanir þeirra breyst komi til breytinga á framkvæmdaröð viðkomandi sveitarfélaga eins og dæmin sanna. Eðli málsins samkvæmt þurfa fjarskiptafyrirtækin að laga sig að slíkum breytingum og **eiga undir engum kringumstæðum kröfur á veitufyrirtækin vegna þess að ekki verður af áður áætluðum framkvæmdum** hjá þeim. Hér þarf að hafa í huga að margt getur haft áhrif á það hvort af framkvæmd verður s.s. hvort viðunandi tilboð fást og þá geta aðstæður í samfélaginu einnig breyst skyndilega.

Auk skyldu til aðgengis að gögnum er lögð skylda á rekstraraðila neta, veitur og veitufyrirtæki til að verða við réttmætum beiðnum um vettvangsskoðun á sérstökum þáttum efnislegra grunnvirkja, 5. gr. frumvarpsins. Þá er tekið fram að þetta aðgengi skuli veitt á grundvelli gagnsærra skilmála sem byggja á jafnræði og meðalhófi, eins og segir í 2. mgr. 5. gr. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að veiturnar setji sérstakar reglur eða skilmála hér að lútandi. Hér vantar inni ákvæði 2. mgr. 3. gr. að **um gjald fyrir vettvangsskoðun** fari samkvæmt gjaldskrá viðkomandi veitu eða veitufyrirtækis.

Í fyrstu umsögn okkar lögðum við áherslu á að þær aðstæður geta skapast farið sé í framkvæmdir sem ekki hefur verið gerð nein áætlun um. Er þá vísað til þess að framkvæmdir getur borið að með mjög skömmum fyrirvara vegna **náttúruhamfara og stórviðra** þar sem fyrirbyggjandi innviðir eyðileggjast í stórum stíl. Ljóst hlýtur að vera að fjarskiptafyrirtækin eiga undir engum kringumstæðum kröfur á veitufyrirtækin vegna þess að farið er í framkvæmdir undir þessum kringumstæðum. **Væri æskilegt að fyrirvari um þetta komi inn í 7. gr. frumvarpsins.**

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um viðurlög og eins og lýst er í greinargerð með frumvarpinu er búið að einfalda viðurlagakaflann verulega frá upphaflegum hugmyndum. Nokkur atriði vekja þó spurningar og þá fyrst og fremst ekki eigi að vera skylt ef ágreiningur kemur upp að málinu hafi verið skotið til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar áður en til þess kemur að dagsektum verði beitt. Eins og 12. gr. er orðuð virðist hægt að beita dagsektum án þess að ágreiningur um afhendingu gagna hafi áður verið borin undir stofnunna. Spyrja má hvort að ekki sé eðlilegt að það sé skilyrði fyrir beitingu dagsekta að ákveðinni grundvallar málsmeðferð sé lokið áður enda er það væntanlega í meira samræmi við málsmeðferðar ákvæðið í 10. gr. frumvarpsins. **Er æskilegt að 12. gr. sé breytt til samræmis.**

SAMORKA þakkar tækifærið til þess að koma að umsögn um málið og erum við að sjálf sögðu tilbúin til frekari upplýsingagjafar og samráðs um málið.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur